

svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 11. febr. 1927.

Nr. 71/1926. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn

Albert G. W. Bojahr (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 30. apríl 1926: Kærði, Albert G. W. Bojahr á nú þegar að greiða sekt að upphæð kr. 12500,00 til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum „Hamm“ H.C. 152 frá Cuxhaven vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hinn 27. apríl f. á. kl. 5 að morgni kom varðskipið Fylla er þá taldi sig stadda á $63^{\circ} 20' 3''$ n. br. og $18^{\circ} 23' 5''$ v. l. austan með landi og stýrði í rjettvisandi vestur. Sá hún þá nokkra botnvörpunga á stjórnborða framundan Hjörleifshöfða. Virtust þeir í landhelgi og hraðaði hún því ferðinni. Kl. 5,20 taldi hún sig stadda á sama breiddarstigi en á $18^{\circ} 23'$ v. l. Sáust botnvörpungarnir þá enn stjórnborðsmegin frá Fyllu, hinir ystu 273° rjettvisandi, en stefndu þá allir frá landi til hafs. — Kl. 5,43 voru ystu botnvörpungarnir samkvæmt miðunum Fyllu, sem enn stýrði í rjettvisandi vestur, beint framundan henni og bjeldu allir áfram út frá landinu. Nú hafði Fylla

að vísu í þetta skifti miðað við 2 staði á landi, en þær miðanir reyndust ekki síðar nákvæmar. En sú skekkja skiftir ekki raunverulega máli, þar sem það er óvæfengt að Fylla stýrði þá enn í rjettvísandi vestur og að botnvörpungarnir sáu þá beint framundan henni og hún þá innan landhelgi, enda hefir yfirforinginn gert þá grein fyrir skekkjunni á þessum miðunum, sem gerðar voru eftir kompásnum, að þokuslæðingur yfir landinu hafi valdið henni. — Kl. 5,48 var staður Fyllu, sem einnig þá stýrði í rjettvísandi vestur, ákveðinn með hornmælingum: Milli ystu dranga Dyrhóla og Reynisdranga 10° og milli Reynisdranga og hægri brúnar Hjörleifshöfða 83° . Verða þær mælingar að teljast ábyggilegar og staður Fyllu samkvæmt þeim innan landhelgi.

Meðal botnvörpunga þeirra, er Fylla tók þenna morgun, var botnvörpungurinn H.C. 152 Hamm, er kærði stjórnaði. Tók Fylla hann kl. 6,12 með stjórnborðsvörpu í sjó og var hann, sem alt af hafði haldið til hafs frá kl. 5,20, þá samkvæmt hornmælingum Fyllu til Dyrhóla-Háfells $49^\circ 48'$ og hægri brúnar Hjörleifshöfða $33^\circ 21'$ staddur um 1 sjómílu utan landhelgi, enda játaði kærði fyrir lögreglurjettinum, að hann hefði dregið vörpuna eftir sjer »2 klukkustundir eða svo, áður en hann var stöðvaður«.

Eftir því sem að framan greinir um stefnu Fyllu í rjettvísandi vestur frá kl. 5 til kl. 5,48, um afstöðu Hamms til hennar fram undir kl. 5,43, sem og eftir því hversu ástatt var um Hamm, þá er hann var tekinn, er enginn vafi á því að nefndur botnvörpungur hefir verið að landhelgisveiðum nefndan morgun.

Hefir hjeraðsdomarinn því rjettilega heimfært brot kærða undir 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann

gegn botnvöpuveiðum. Og þar sem kærði hefir eigi áður verið staðinn að brotum gegn þeim lögum, þyk-
ir sektin hæfilega ákveðin í dómnum 12500 kr. og
komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar,
verði hún ekki greidd innan 30 daga frá birtingu
dóms þessa. Að öðru leyti á lögreglurjettardómin-
um að vera óraskað. Kærði greiði allan áfrýjunar-
kostnað málsins, þar með talin málflytningislaun sækj-
anda og verjanda, 200 kr. til hvors.

Þvi dæmist rjett vera:

Kærði Albert G. W. Bojahr greiði 12500 kr.
sekt í Landhelgissjóð Íslands, eða sæti 7 mán-
aða einföldu fangelsi verði sektin ekki greidd
innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti skal lögreglurjettardóminum
óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins,
þar með talin málflytningislaun sækjanda og verj-
anda, hæstarjettarmálflytningismannanna Pjeturs
Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 200 kr. til
hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu foringjans á herskipinu „Fylla“, lagðri
fram í þessu máli, voru kl. 5 að morgni þess 27. þ. m., er her-
skipið kom vestur og suður með landinu, athugaðir þaðan 5 tog-
arar, sem voru á stjórnborðshlið. Að 20 mínútum liðnum sáu st
allir togarnir stefna út á við og þegar kl. var 5,43 var herskipið

samkvæmt mælingum þess, statt nálægt Hjörleifshöfða, 0,8 úr sjómílu innan landhelgislinunnar, samkvæmt þessum miðum:

Hjörleifshöfði hægri brún í rjettvísandi 347°,

Dyrhólaklettur vinstri brún í rjettvísandi 284°

og stýrói herskipið þá í rjettvísandi vestur en allir 5 togararnir í miðun (Pejling) 270° beint framundan og á leið út frá landi. Samkvæmt þessu og viðurkenningu þeirra á hvaða svæði þeir voru, hlutu allir togararnir þá að vera fyrir innan landhelgislinuna, og reyndist síðar samkvæmt sömu skýrslu, að einn þeirra var togarinn H.C. 152 „Hamm“ frá Cuxhaven, þar sem kærði Albert G. W. Bojahr fæddur 19. apríl 1886, er skipstjóri á. En skip þetta varð ekki stöðvað fyr en kl. 6,12 og reyndist þá samkvæmt staðarmælingum herskipsins í sjómílu fyrir utan landhelgina. Hafði það þá stjórnborðsvörpu í sjó.

Kærði hefir viðurkent að hafa verið að toga um það leyti þegar staðarákvarðanirnar voru teknar á herskipinu, kl. 5,43 eða um kl. 7,43 eftir hans úri. En hann hefir samt sem áður neitað að hafa verið fyrir innan landhelgislinuna á þessum tíma, og fullyrðir sakleysi sitt. Neitun sína byggir hann aðallega á því, að hann hafi verið 1,4—1,5 sjómílu fyrir utan landhelgina þegar herskipið stöðvaði hann og að dýpið, sem mælt var þá og athugað af „Fyllu“ hafi sýnt að hann var utar þá, en skýrslan ber með sjer. Hafi hann tekið miðanir þegar hann fór að snúa skipinu út á við, og hafi samkvæmt þeim verið 0,7 úr sjómílu fyrir utan landhelgi, og farið út eftir í liðuga hálfu klukkustund með um einnar sjómílu hraða á klukkustund.

Það er tekið fram í hinni framlögðu skýrslu herskipsforingjans, og er líka kunnugt, að dýptarmælingar á þessum slóðum nálægt Hjörleifshöfða, þar sem Kötlutangi myndaðist, eru ekki vegna misdýpis, nægilegar til þess að skera úr um hvar skip þar nákvæmlega eru. — Það verður því alls ekki bygt á dýptarmælingum þegar kærði var stöðvaður gegn staðarmælingum þeim, sem teknar voru. Og þar sem sama skýrsla ber með sjer að kærði bæði var innan landhelgislinunnar kl. 5,43 eftir íslenskum tíma þegar hann togaði, og að hann stefndi frá landi í 52 mínútur að þeim stað, sem hann var stöðvaður á, verða neitanir hans ekki teknar til greina, einnig með tilliti til þess að framburður hans um hraða skipsins þegar það togaði út á við, er nokkuð á reiki, og hann hefir viðurkent að hann kunni að hafa verið meira, en þær 0,8—0,9 úr sjómílu, er hann fyrst hjelt fram í rjettinum.

Samkvæmt þessu verður að álíta nægilega sannað í málinu að kærði hefir gerst brotlegur gegn l. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og með tilliti til þess að hjer er um samskonar brot í fyrsta sinn að ræða, og með hliðsjón af því að dagsgengi krónunnar er nú 81,74 úr gullkrónu telst refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12500,00, sem greiðist strax og rennur í Landhelgissjóð Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanbords í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Midvikudaginn 16. febr. 1927.

Nr. 50/1926. **Stefán Th. Jónsson** (L. Jóhannesson)
gegn

Páli Magnússyni f. h. Joh. Ritter
(L. Fjeldsted).

Útaf verslunarviðskiftum.

Dómur gestarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar 3. júní 1925: Stefndi, kaupmaður Stefán Th. Jónsson á Seyðisfirði, greiði stefnandanum Páli Magnússyni, lögfræðing, fyrir hönd Joh. Ritter, Manchester, £ 51-0-5 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. ágúst 1923 til greiðsludags svo og 117 krónur í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 31. maí f. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 21. s. m.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða gestarjettardómi verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi í brjefi dags. 5. des. 1923 viðurkennt meginhluta skuldar þeirrar, er ræðir um í máli þessu. Skuldin var því eigi fyrnd